

AUGLÝSING

um innköllun seðla.

192

19. des.

Með tilvísun til laga um eignakönnun, dags. 5. júní 1947, eru hér með innkallaðir allir peningaseðlar Landsbanka Íslands.

Þessir seðlar eru 5, 10, 50, 100 og 500 króna seðlar, gefnir út samkvæmt auglýsingum í Stjórnartíðindunum 16. sept. 1935, 6. júlí 1934, 7. ágúst 1936, 9. maí 1935 og 4. febr. 1944. Skulu allir þessir seðlar ógildir frá og með 31. desember 1947, sbr. þó 3. og 4. málsgrein 21. greinar laga um eignakönnun.

Um skipti á hinum innkölluðu seðlum fyrir nýja seðla fer eftir framangreindum lögum um eignakönnun.

Viðskiptamálaráðuneytið, 19. desember 1947.

Emil Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

AUGLÝSING

193

19. des.

um að út séu gefnir nýir bankaseðlar, samkvæmt lögum um Landsbanka Íslands.

Stjórn Landsbanka Íslands hefur, samkvæmt lögum nr. 10 frá 15. apríl 1928, gefið út handa Landsbankanum nýja 500 króna, 100 króna, 50 króna, 10 króna og 5 króna seðla.

Hinir nýju seðlar eru, hver um sig, jafnir að stærð hinum eldri seðlum, er nú eru í gildi, og sömuleiðis er gerð þeirra, hvers um sig, hin sama og á hinum eldri að öðru en lit. 500 króna og 100 króna seðlarnir eru 10×15 cm, 50 króna seðlarnir 8.5×13.5 cm., en 10 og 5 króna seðlarnir 7×12 cm. Framan á þá er prentað gildi þeirra, tilgreint með bókstöfum, í þrem orðum á 500 króna seðlunum, en tveim orðum á öllum hinum, og fyrir neðan þau orð í tveimur línur: Samkvæmt lögum nr. 10 15. apríl 1928. Landsbanki Íslands. Fyrir ofan þessar áletranir er letrað nafn bankans: Landsbanki Íslands, en fyrir neðan þær stendur nafn formanns bankaráðsins og nafn eins af bankastjórunum, og eru þau nöfn með rithönd þeirra. Vinstra megin við þær er mynd Jóns Sigurðssonar á 500 króna, 100 króna og 10 króna seðlunum og Jóns Eiríkssonar á 50 króna og 5 króna seðlunum, en hægra megin við áletranirnar er hvítur reitur, og er mynd Jóns Eiríkssonar á honum sem vatnsmerki á 500 króna, 100 króna og 50 króna seðlunum, en Jóns Sigurðssonar á 10 króna og 5 króna seðlunum. Á öll horn seðlanna, báðum megin, er letruð sú tala, er táknar gildi þeirra, hvers um sig, og aftan á hverri gerð er mynd í kringlöttum reit, á 500 kr. seðlunum af alþingisstaðnum gamla, Þingvelli, á 100 kr. seðlunum af fjárrekstri við Þjórsá, sunnan við höfðann Bringu, á 50 kr. seðlunum af höfninni í Vestmannaeyjum, á 10 króna seðlunum af Gullfossi og á 5 króna seðlunum af húsi Landsbankans, en upphafsstafir hans, L og Í skrautlega dregnir, hvor til sinnar handar. Grunnflöturinn á hvorri hlið seðils er með brugðnu skrautverki og yzt umgerðir með skrautgreinum í, tvær á framhliðum 500 króna, 100 króna og 50 króna seðlanna, en á bakhliðum þeirra og báðum megin á 10 króna og 5 króna seðlunum.